

## Fundargerð Þjóðgarðsráðs Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls

1. fundur þjóðgarðsráðs Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, haldin 5. mars 2022, klukkan 10:00 í fjarfundi.

*Mættir: Kristinn Jónasson (formaður), Magnús Aðalsteinn Sigurðsson (Minjavörður), Iðunn Bragadóttir (Samút), Inga Dóra Hrólfsdóttir (sviðsstjóri) Anna Hallgrímsdóttir (Náttúruverndar-samtök) og Jón Björnsson (Þjóðgarðsvörður) sem ritar fundargerð*

*Fjarverandi: Þórður Runólfsson*

### 1. Mál

Kristinn formaður ráðsins bauð alla velkomna á fundinn og fundagestir kynntu sig.

### 2. Mál

Kosning varaformanns – Inga Dóra tilnefnd og samþykkt samhljóða.

### 3. Mál

Kristinn ræddi hlutverk ráðsins og skipunarbréf. Rætt var mikilvægi þess að þjóðgarðsráðið sé styðjandi við starfsemi þjóðgarðsins. Fundað verður að jafnaði á 5 til 6 vikna fresti. Inga lagði til að hlutverk ráðsins yrði þróað út frá þeim ramma sem þegar er til. Jafnframt mikilvægi þess að fulltrúar fái fræðslu og upplýsingar um starfsemi þjóðgarðsins sem styðja við störf ráðsins.

### 4. Mál

Jón Björnsson, þjóðgarðsvörður kynnti starfsemi þjóðgarðsins, stöður framkvæmda við þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi og innviðaverkefni sem eru í framkvæmd eða í undirbúningi. Áætlað er að þjóðgarðsmiðstöð verði afhent í júní byrjun og verður fyrsta skref að færa skrifstofu þjóðgarðsins úr núverandi leiguhúsnæði í miðstöðina. Óvissa er með upphaf starfsemi í húsinu og sýningar. Kristinn spurðist fyrir um starfsmannahald. Sem stendur eru tveir starfsmenn í þjóðgarðinum. Inga upplýsti að ætlunin er að auglýsa á næstu vikum eftir sérfræðing og starfsmönnum í þjóðgarðsmiðstöðina. Sagði hún jafnframt að stefnt væri að 3,5 stöðugildi við hina nýju þjóðgarðsmiðstöð. Kristinn spurðist fyrir um bílastæði við þjóðgarðsmiðstöðina. Ekki hefur fengist fjármagn í lokafrágang á því. Kristinn hvatt til þess að ekki verði tekið við húsinu fyrr en að loknum öllum framkvæmdum við hús og lóð.

### 5. Mál

Rætt um uppbyggingu salerna við vegamót að Djúpalóni. Kristinn lýsti yfir ánægju með nýja tillögu að staðsetningu bílastæða og salernishúss og hvatti jafnframt til þess að núverandi salerni við Djúpalón verði flutt þegar í apríl á nýja staðinn og verði þar notuð þar til nýtt fullklárað hús verður tekið í gagnið. Rafmagn og vatn er þegar á staðnum og auðvelt að koma fyrir bílastæði og hreinsivikri (rotþró).

### 6. Mál

Kristinn benti á mikilvægi þess að fá umferðatölur út í Öndverðarnes. Vegagerði taldi umferð þar um nokkuð skeið en hefur flutt teljara af staðnum. Jón upplýsti að þegar eru 5 umferðateljarar á vegum þjóðgarðsins virkir. Skoða má hvort flytja mætti einn þeirra í Öndverðarnes.

### 7. Mál

Rætt um fundartíma þjóðgarðsráðsins. Settir voru fundir á eftirtalda daga: 6. maí kl. 10:00 til 11:00, 14. júní kl. 14:00 til 15:00 og 5. ágúst frá klukkan 10:00 til 11:00.

Önnur mál:

- a) Óskað var eftir því að þjóðgarðsvörður sendi kynningu sína á fundargesti
- b) Kristinn óskaði eftir því að fundargerðir væru varðveittar á vísum stað og verða þær setta á GoPro svæði Umhverfisstofnunar.

*Fundi slitið klukkan 11:45*